

Fundur foreldraráðs MH  
18.október 2018  
kl.16:15-18:00

Mætt: Unnar, Arna, Guðlaug, Kristín, Sigga Þóra, Hugrún, Halla og Fríður. Ingibjörg var fjarverandi.

Fyrsti fundur nýskipaðs foreldraráðs var haldinn fimmtudaginn 18.október 2018 í húsakynnum skólans. Fyrst var fundað með rektor og konrektor og síðan með kjarnastjórn nemendafélagsins. Eru stjórnendur og nemendur sammála um að skólaárið hafi farið vel af stað. Fulltrúar nemenda segja félagsstarf hafa farið vel fram og voru sérstaklega ánægð með nýnemavíkuna og töldu almennt góðan anda í skólanum. Skólastjórnendur nefndu áhyggjur af aukinni notkun rafretta í húsnæði skólans og hafa verið sett viðurlög við notkun þeirra. Unnið er að endurskoðun á reglum um skólasókn, aðallega varðandi veikindi nemenda.

Að loknum fundum með nemendum og stjórnendum fundaði foreldraráð.

Foreldraráð skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt:

- Arna Sigurðardóttir, með-áheyrnarfulltrúi í skólanefnd
- Fríður Reynisdóttir, forvarnarfulltrúi, tengiliður við skólann
- Guðlaug Matthildur Jakobsdóttir, áheyrnarfulltrúi í skólanefnd
- Halla Sigrún Arnardóttir, formaður
- Hugrún Helga Ketel, meðstjórnandi
- Ingibjörg Ferdinandsdóttir, meðstjórnandi
- Kristín Finndís Jónsdóttir, meðstjórnandi
- Sigríður Þ. Þorsteinsdóttir, tengiliður við Heimili og skóla
- Unnar Víðisson, meðstjórnandi

Eftirfarandi mál voru rædd:

**Starf vetrarins**, fyrirhugaður er árlegur fræðslufundur eftir áramót. Halla kannar áhuga Kvennó á áframhaldandi samstarfi og hvort MR hefur áhuga á að vera með. Allir safna hugmyndum varðandi fyrirlesara.

**Ráðstöfun fjár**. Foreldraráðið innheimti í fyrsta sinn valfrjálsar greiðslur til styrktar foreldrastarfinu. Fénu verður eytt í þágu nemenda. Fjármálastjóri skólans mun halda utan um féð fyrir foreldraráð sem tekur ákvörðun um ráðstöfun þess í samráði við nemendur. Á síðustu önn söfnuðust ríflega 500.000 kr og verður því ráðstafað m.a .með því að kaupa áfengismæla til að nota á böllum en hingað til hafa þeir verið fengnir að láni. Fríður ætlar að kanna verð á

mælum. Einnig verður edrúpottur nemendafélagsins styrktur og var ákveðið að gefa 5 x 10.000 króna gjafabréf í pottinn fyrir hvert ball. Einnig verður sendur póstur á foreldra varðandi

vinninga í edrúpottinn. Upp kom hugmynd um að kanna hjá fyrirtækjum hvort þau væru til í að styrkja skólann með vinninga í pottinn. Sigga Þóra ætlar að kanna það.

**Endurskoðun starfsreglna.** Foreldraráðið mun endurskoða starfsreglur fyrir næsta aðalfund.

**Samskipti við foreldra.** Stefnt verður að því að setja meira efni á facebook síðuna, áhugaverða fyrirlestra fyrir foreldra o.fl. Unnar sér um að stofna samskiptahóp á fb fyrir foreldraráðið.

Stefnt er að næsta fundi í byrjun desember.

Fundi slitið.